



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Samstarf grunnskóla og tónlistarskóla

Tillögur starfshóps um verklagsreglur



Maí 2010

Tillögur starfshóps um mótun verklagsreglna um samstarf grunnskóla og tónlistarskóla

- Grunnskólar og tónlistarskólar gera með sér samkomulag um eftirfarandi þætti:
áherslur í starfi, fyrirkomulag kennslu, samskipti við foreldra og nemendur og annað sem viðkemur samstarfi þessara aðila.
- Grunnskólar og tónlistarskólar gera með sér leigusamninga þar sem tekið er til þeirra þátta sem eru innifaldir í leiguverði, s.s. búnaðar, skilgreiningu á nýtingu rýmis o.fl. Heimilt er að gera tvíhliða samkomulag um nýtingu húsnæðis og búnaðar, s.s. á hljóðfærum og þarf það þá að koma fram í samningi á milli aðila.
- Menntasvið sendir árlega viðmið um leigu grunnskólahúsnæðis til skólastjóra grunn- og tónlistarskóla
- Hvatt er til faglegs samráðs tónlistarskólastjóra og grunnskólastjóra og stuðlað að samstarfi milli tónlistarkennara og tónmenntakennara.
- Tónlistarskólar og grunnskólar skili árlega greinargerð um samstarfið til Menntasviðs ásamt áætlun um áherslur í starfi á komandi skólaári.
- Árlega verði haldnir fundir skólastjóra grunnskóla og tónlistarskóla þar sem fagleg málefni líðandi stundar eru rædd.

Á fundi menntaráðs 12. ágúst 2009 samþykkti menntaráð að fela fræðslustjóra að móta verklagsreglur um samstarf tónlistarskóla og grunnskóla. Þessar reglur átti að vinna í samráði við skólastjóra grunnskóla og tónlistarskóla og taka til þátta eins og afnot af húsnæði, leiguverðs og fleiri samstarfssviða skólanna. Í greinargerð sem fylgdi tillögunni kemur fram að það hafi löngum verið stefna menntaráðs að tónlistarskólar byðu í æ ríkari mæli upp á tónlistarkennslu innan veggja grunnskólans. Engar samræmdar verklagsreglur hafi verið til þar að lútandi og því sé brýnt að bæta úr því, skólastjórnendum tónlistarskóla sem og grunnskóla til hægðarauka.

Starfshópurinn skipa; Laufey Ólafsdóttir formaður, Júlíus Sigurbjörnsson, sérfræðingur á fjármálaþjónustu Menntasviðs, Edda Borg Ólafsdóttir, skólastjóri Tónskóla Eddu Borg, Eygló Friðriksdóttir, skólastjóri Sæmundarskóla, Sif Vígbórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla og Stefán Stefánsson, skólastjóri Tónlistarskóla Árbæjar. Starfshópurinn fundaði 3 sinnum og auk þess var gerð könnun á vegum tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs meðal skólastjóra grunnskóla sem ætlað var að skoða eftirfarandi þætti:

- Er tónlistarkennsla á vegum tónlistarskóla/skólahljómsveitar í þínum grunnskóla?
- Hvaða tónlistarskóli/skólahljómsveit sinni þessari kennslu?
- Hve marga tíma er kennt í viku hverri?
- Hve mikið húsnæði nýtir tónlistarskólinn/skólahljómsveitin til kennslunnar (fjöldi stofa, ca. fermetrar)?
- Greiðir tónlistarskólinn/skólahljómsveitin leigu fyrir húsnæðið?
- Er leigusamningur á milli grunnskólans og tónlistarskólans/skólahljómsveitarinnar?
- Hvaða form er á samstarfinu?
- Nefnið kosti samstarfsins.
- Nefnið hvað betur mætti fara í samstarfinu.
- Hvert er viðhorf skólans til samstarfsins?
- Hvernig væri „fyrirmyndar“ fyrirkomulag á samstarfi tónlistarskóla og grunnskóla?

33 grunnskólar svöruðu könnuninni, í 20 þeirra fer fram tónlistarkennsla á vegum tónlistarskóla eða skólahljómsveita. Af þeim sem svöruðu gera 8 grunnskólar leigusamning við tónlistarskóla og/eða skólahljómsveitir eða 24,2%, misjafnt er þó hvað er innifalið í leigunni, s.s. aðgangur að kaffistofu, ljósritunarvél og fleira.

Samstarf felst helst í þátttöku tónlistarskóla/skólahljómsveita í viðburðum á vegum grunnskólans, s.s. jólaskemmtunum og vorhátíðum, en einnig í skipulagi svo grunnskólanemendur eigi kost á því að fara úr tímum til að sækja hljóðfæratíma.

Helstu kostir samstarfsins að mati skólastjórna voru m.a. annars þeir að nemendur geta stundað hljóðfæranám á skólatíma ef þau kjósa svo, aðgengi að tónlistarnámi er betra, skólastarfið auðugra og það eykur fjölbreytni og hefur góð áhrif á skólabrag að hafa tónlistarkennslu innan veggja grunnskólans. Ókostir samstarfsins þóttu m.a. vera að tónlistarsnámið var ekki nógu samofið skólastarfinu, tónlistarstarfið má vera sýnilegra í grunnskólanum, betra upplýsingastreymi má vera á milli aðila, að tónlistarkennslu sé lokið þegar almennt starfsmenn ljúka vinnudegi. Þá fylgir samstarfinu viðbótarkostnaður vegna húsvörslu, viðvera tónlistarkennara mætti vera lengri svo ekki þurfi að taka nemendur úr mat, sérgreinatímum osfrv., fella þarf námið inn í stundaskrá nemenda og tónlistarnám á að vera ókeypis fyrir alla.

Almennt er viðhorf skólastjórna til samstarfs við tónlistarskóla og skólahljómsveitir jákvætt og samskipti góð samkvæmt könnunni, ekki eru þó allir grunnskólakennarar sáttir við að nemendur séu teknir út úr tímum. Samskiptahæfni og sveigjanleiki þarf að vera til staðar til að samstarfið gangi vel. Þá var nefnt að það væri talsverð vinna fyrir skólastjóra að skipuleggja tónlistarnámið á skólatíma til að það truflaði sem minnst almennt skólastarf. Einnig kom fram að foreldrar væru almennt mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Samantekt úr könnun meðal skólastjórnenda í grunnskólum Reykjavíkur um tónlistarsnám á vegum skólahljómsveita og tónlistarskóla innan grunnskólanna

- Í 20 grunnskólum af þeim 33 sem svöruðu fer fram tónlistarkennsla á vegum tónlistarskóla eða skólahljómsveitar.
- Kennslustundir í tónlist kenndar á vegum skólahljómsveita voru frá 1 upp í 100 á viku, mest þar sem skólahljómsveitir eru með sínar höfuðstöðvar.
- Nýting húsnæðis til tónlistarkennslu af hálfu tónlistarskóla; í þessum lið virðast upplýsingar vera frekar ónákvæmar: 1 -2 kennslustofur, sem var algengast, og mest 5.
- Nýting húsnæðis til tónlistarkennslu af hálfu skólahljómsveita; í þessum lið virðast upplýsingar vera frekar ónákvæmar: 1 -3 kennslustofur, auk afnota af sal þar sem skólahljómsveit er með sína aðalaðstöðu.
- 24,2 % svarenda eða 8 skólar gera leigusamning við tónlistarskóla eða skólahljómsveit vegna aðstöðu í grunnskólanum. 21,2% styðjast við leiguviðmið Menntasviðs.
- Misjafnt er hvað er innifalið í leigusamningum, t.d. aðgangur að kaffistofu, tölvu, ljósritunarvél og fleiri gæðum grunnskóla. Oft er eingöngu um afnot af kennslustofu að ræða en stundum hafa tónlistarskólar/skólahljómsveitir aðgang að allri aðstöðu skólans.
- **Skólastjórar beðnir að lýsa samstarfinu við tónlistarskóla/skólahljómsveit og var eftirfarandi m.a. nefnt:** Skólahljómsveitin spilar við ýmis tækifæri, nemendur spila á viðburðum skólans, samnýting hljóðfæra og búnaðar, þátttaka í viðburðum, s.s. jólaskemmtun, vorhátíð, samstarf um að taka nemendur úr tímum til að sækja hljóðfæratíma, aðeins samstarf um kennsluáðstöðuna.
- **Skólastjórar voru beðnir um að nefna 2-3 kosti við samstarfið við tónlistarskóla /skólahljómsveit og var eftirfarandi m.a. nefnt:** Nemendur geta stundað nám á skólatíma ef þeir kjósa svo, tónlistarflutningur við ýmis tækifæri, auðgar skólastarfið, skólinn hefur upplýsingar um hvaða nemendur stunda tónlistarnám og um framgöngu þeirra í náminu, mikill ávinningur fyrir nemendur, jákvæð áhrif á skólamenninguna, auðveldar aðgengi að tónlistarnámi, nemendur þurfa ekki að fara út fyrir skólann vegna tólmundastarfs, eflir tónlistaráhuga, eykur fjölbreytni skólastarfsins,
- **Skólastjórar voru beðnir um að nefna 2-3 ókosti við samstarfið við tónlistarskóla /skólahljómsveit og var eftirfarandi m.a. nefnt:** Að hafa meira starf inni í skólanum, meira samofið skólastarfi, betra upplýsingastreymi á milli aðila, að kennslu skólahljómsveitar sé lokið þegar almennir starfsmenn hafa lokið dagvinnu, viðbótarkostaður fellur til vegna húsvörslu þegar kennt er eftir almannan vinnudag, tónlistarstarfið mætti vera meira áberandi í skólastarfinu, tónlistarskóli kæmi inn eftir að kennslu lýkur á daginn, séraðstaða til tónlistarkennslu og geymslu hljóðfæra, viðvera tónlistarkennara þyrfti að vera lengri svo ekki þurfi að taka nemendur úr mat, sérgreinatímum, frímínútum o.s.frv. að tónlistarskóli geti gefið öllum nemendum sem það kjósa nám á viðráðanlegu verði, námið fellt inn í stundaskrá nemenda, tónlistarnám ókeypis og fyrir alla.
- **Skólastjórar voru beðnir um að greina frá almennu viðhorfi til samstarfsins við tónlistarskóla/skólahljómsveitir:** Starfsfólk skólanna jákvætt og samskipti góð, samskiptahæfni kennara þarf að vera góð og sveigjanleiki varðandi samstarf og húsnæði, ekki eru allir kennarar sáttir við að nemendur séu teknir út tímum, stundum erfitt að finna tíma sem hentar öllum, vantar rými til að geta sinnt þessu verkefni betur, truflun getur skapast ef margir eru teknir úr tíma í sama bekk á sama degi, foreldrar almennt mjög ánægðir með þetta

fyrirkomulag, talsverð vinna hjá skólastjóra að skipuleggja tónlistarnámið á skólatíma svo að það trufla sem minnst almennt skólastarf,

Fundargerðir

Fundur 28. september 2009

Fundinn sátu: Edda Borg Ólafsdóttir, Júlíus Sigurbjörnsson, Sif Vígbórsdóttir, Stefán Stefánsson og Laufey Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð. Eygló Friðriksdóttir boðaði forföll.

Farið var yfir tilgang og verksvið hópsins. Ákveðið að gera könnun meðal skólastjóra grunnskóla, skólastjóra tónlistarskóla og stjórnenda skólahljómsveita til að skoða eftirfarandi þætti:

1. Er tónlistarkennsla á vegum tónlistarskóla í þínum grunnskóla
2. Hvaða tónlistarskóli sinni þessari kennslu
3. Hve marga tíma er kennt í viku hverri
4. Hve mikið húsnæði nýtir tónlistarskólinn til kennslunnar (fjöldi stofa, ca. fermetrar)
5. Greiðir tónlistarskólinn leigu fyrir húsnæðið
6. Er leigusamningur á milli grunnskólans og tónlistarskólans
7. Hvaða form er á samstarfinu (opin spurning)
8. Nefnið kosti samstarfsins (opin sp.)
9. Nefnið hvað betur mætti fara í samstarfinu (opin sp.)
10. Hvert er viðhorf skólans til samstarfsins
11. Hvernig væri „fyrirmynda“ fyrirkomulag á samstarfi tónlistarskóla og grunnskóla

Þegar niðurstöður úr könnuninni liggja fyrir mun starfshópurinn greina þær og á þeim grundvelli leggja til að gerðir verði verkferlar um samstarfið. Þeir verði hugsaðir sem rammi um samstarfið en eiga ekki að stýra því.

Hópurinn gæti hugsanlega sett fram líkan að fyrirmyndarsamstarfi.

Á fundinum kom fram að mikilvægt væri að skilgreina inntak tónlistarnámsins, t.d. hvernig það „birtist“ í grunnskólanum, hvernig það gagnast báðum aðilum, þ.e. tónlistarskólanum og grunnskólanum sem allra best.

Á fundinum kom fram að ef tónlistarskóli kennir í mörgum grunnskólum þá þyrfti að taka tillit til þess þegar leiga er innheimt. Hugsanlega mætti hafa „tröppugang“ í leigunni, borga fullt í skóla 1 og svo hlutfallslega minni leigu eftir því sem kennt er í fleiri skólum?

Næsti fundur eftir 2 – 3 vikur og verður þá farið yfir niðurstöður könnunarinnar sem nefnd er hér að framan og rýnt í samninga sem tónlistarskólar og grunnskólar hafa gert sín í milli.

Fundur 22. janúar 2010

Fundinn sátu: Stefán Stefánsson, Eygló Friðriksdóttir, Júlíus Sigurbjörnsson. Edda Borg Ólafsdóttir og Sig Vígbórsdóttir boðuðu forföll. Laufey Ólafsdóttir ritaði fundargerð.

Farið yfir samantekt úr könnun TOR.

Hvað þarf að hafa í huga við mótun verklagsregla:

1. Hagnýt atriði
2. Samskipti á milli aðila
3. Hugmyndafræði, þ.e. lýsing á faglegu starfi inni í samstarfssamningi

Undirrituð aflar þeirra gagna sem til eru vegna samstarfs tónlistarskóla og grunnskóla, s.s. leigusamninga, samstarfssamninga, leiguviðmið o.fl.

Á fundinum var rætt hvað þarf til ef aðili sem ekki er „viðurkenndur“ af borginni vill starfa innan grunnskólans?

Upplýsa þarf um eðli þeirrar starfsemi sem fer fram innan grunnskólans.

Er eðlilegt að óska eftir sakavottorði þeirra sem starfa innan grunnskólans en er á vegum annarra, s.s. tónlistarskóla?

Næsti fundur boðaður eftir ca. 3 vikur.

Fundur 26. febrúar 2010

Fundinn sátu: Sif Vígbórsdóttir og Stefán Stefánsson. Júlíus Sigurbjörnsson boðaði forföll. Laufey Ólafsdóttir ritaði fundargerð.

Ræddar voru tillögur vegna samstarfs grunnskóla og tónlistarskóla í samræmi við erindisbréf.

Tillögum skipt í a, b og c hluta.

- A. Tónlistarskólar geri með sér samninga um m.a. eftirfarandi: samstarfið og áherslur í starfi.
- B. Leigusamningar skulu gerðir á milli aðila þar sem tekið er til allra þeirra þátta sem felast í leiguverði, s.s. búnaði, nýting húsnæðis o.fl.
- C. Faglegt samráð grunnskóla- og tónlistarskólustjóra. Stuðlað að samstarfi milli tónlistarskólakennara og tónmenntakennara. Greinargerð um samstarfið skilað til Menntasviðs ásamt áætlum um framkvæmd samstarfsins nk. skólaár. Árlega haldnir fagfundir með grunnskólustjórum og tónlistarskólustjórum til að ræða málefni líðandi stundar.

Erindisbréf

Heiti vinnuhóps: Starfhópur um mótun verklagsreglna um samstarf grunnskóla og tónlistarskóla
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri
Hlutverk: Að móta verklagsreglur um samstarf tónlistarskóla og grunnskóla. Verklagsreglurnar verði unnar í samráði við skólastjóra tónlistarskóla og grunnskóla
Helstu verkefni: að móta verklagsreglur sem taka til þátta eins og: a) afnot af grunnskólahúsnæði b) leiguverð c) aðrir þættir sem varða samstarf grunnskóla og tónlistarskóla
Fulltrúar í vinnuhópi: Stefán Stefánsson, skólastjóri Tónlistarskóla Árbæjar Edda Borg, skólastjóri Tónskóla Eddu Borg Sif Vígþórsdóttir, skólastjóri Norðlingaskóla Eygló Friðriksdóttir, skólastjóri Sæmundarskóla Júlíus Sigurbjörnsson, sérfræðingur á fjármálaþjónustu Menntasviðs
Formaður vinnuhóps: Laufey Ólafsdóttir, forstöðumaður tónlistarmála á Menntasviði
Starfsmenn:
Ráðgjöf/samstarf:
Starfstímabil: 21. september 2009 - 1. desember 2009
Skil: Skýrsla til fræðslustjóra 15. desember 2009

Samningur um samstarf tónlistarskóla og grunnskóla

Xxxxxxskóli, kt. og Tónlistarskólinn xxxxxxxx kt. gera með sér eftirfarandi samning um í tónlistarkennslu nemenda í Xxxxxskóla.

1. grein

Hér þarf að koma lýsing á því um hvers konar tónlistarkennslu skólarnir eru að semja ásamt áherslum í starfi

2. grein

Tónlistarskólinn annast kennslu samkvæmt 1. gr. fyrir nemendur Xxxxxskóla. Xxxxxskóli gerir nemendum kleift að sækja slíka kennslu á skólatíma og tryggja aðstöðu fyrir hana innan veggja skólans.

3. grein

Tónlistarskólinn greiðir tónlistarkennurunum laun, en Xxxxxskóli lætur í té húsnæði fyrir kennsluna samkvæmt nánara samkomulagi.

Hér þarf að koma fram hvað annað í sambandi við aðstöðu Xxxxxskóli lætur í té og/eða hvað tónlistarskólinn þarf að greiða fyrir, t.d. afnot af ljósritunarvél, pappír, aðstaða í frímínútum, o.s.frv. –.

4. grein

Tónlistarkennara ber að tilkynna veikindi til Xxxxxskóla á sama hátt og kennarar skólans gera. Ef tónlistarkennsla fellur niður ber Xxxxxskóli ábyrgð á nemandanum á sama hátt og um almenna kennslustund sé ræða.

5. grein

Tónlistarskólinn sér um öll samskipti við foreldra/forráðamenn vegna tónlistarkennslunnar.

6. grein

Samningur þessi er gerður til eins árs en er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 1. september ár hvert.

7. grein

Mál sem rísa kunna út af samningi þessum má reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík dags.

Leigusamningur milli tónlistarskóla og grunnskóla

1. grein

Tónlistarskóli _____ og _____ skóli gera með sér eftirfarandi leigusamning (um nýtingu húsnæðis skólans). Hann felur í sér að tónlistarskólinn öðlast fullan rétt á notkun húsnæðis samkvæmt meðfylgjandi stundaskrá sem er fylgiskjal með samningi þessum. Leigufjárhæð er samkvæmt gjaldskrá Menntasviðs Reykjavíkur hverju sinni. Almenn þrif skulu innifalin í leigugjaldinu ásamt geymslu fyrir hljóðfæri og aðgangi að starfsmannaaðstöðu.

2. grein

Greinarmunur skal gerður á því hvort um er að ræða leigu á kennslustofu eða sal sbr. gjaldskrá Menntasviðs.

3. grein

Leigugjald skal reiknast út frá þeim vikufjölda sem nýttur er á hverri önn og skal gjaldið greitt samkvæmt reikningi frá Menntasviði Reykjavíkur í upphafi haust- og vorannar.

4. grein

Sérstaklega er greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir stjórnunarrými, geymslu og skrifstofuaðstöðu í móðurskóla. Einnig þarf að semja sérstaklega um aðgang að ljósritunarvélum, pappír vegna ljósritunar og síma ef með þarf.

5. grein

Stjórnandi tónlistarskóla ábyrgist að öll umgengni í skólahúsnæðinu veri til fyrirmyndar og að tryggt sé að gengið verði frá húsnæði eftir kennslu samkvæmt samkomulagi við skólastjóra grunnskóla.

6. grein

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu fyrir hvorn aðila, og er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 3ja mánaða fyrirvara og skal uppsögn hans vera skrifleg.

7. gr.

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr.

Undirritun

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík. dags.